



Yfirlýsing til hlutafélagaskrár

skv. 83. gr. a laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, með síðari breytingum, vegna slita og afskráningar í hlutafélagaskrá

Nafn félags	Kennitala
Póstfang	Sveitarfélag

Á hluthafafundi sem haldinn var í ofangreindu einkahlutafélagi þann _____ var samþykkt að slíta félaginu og óska eftir að það verði afskráð í samræmi við 83. gr. a laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, með síðari breytingum. Eiginlegri starfsemi lauk _____

Eftirfarandi gögn fylgja yfirlýsingu þessari:

- Yfirlýsing skattstjóra um að félagið hafi lokið skattalegum skyldum sínum.
- Yfirlýsing innheimtumanns ríkissjóð um uppgjör opinberra gjalda.
- Lokaársreikningur.

Hluthafar

Nafn	Kennitala	Heimilisfang	Eignarhluti

Yfirlýsing hluthafa og eiginhandar undirritun

Við, hluthafar í ofangreindu einkahlutafélagi, lýsum því yfir að allar gjaldfallnar og ógjaldfallnar skuldir félagsins hafa verið greiddar og höfum við samþykkt að félaginu verði slitið skv. 83. gr. a laga nr. 138/1994, með síðari breytingum, og í samræmi við 3. mgr. 83. gr. a berum við beina, óskippta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins, hvort sem þær eru gjaldfallnar, ógjaldfallnar eða umdeildar, frá þeim tíma er þessi yfirlýsing um slit félagsins var gefin.

Nafn	Kennitala	Nafn	Kennitala

Dagsetning og undirritun formanns stjórnar

_____ Dags./undirskrift _____ Kennitala

Yfirlýsing þessi skal berast hlutafélagaskrá innan tveggja vikna frá undirskrift.

Tilkynningargjald 1.000 kr. staðgreiðist eða leggist inn á reikning:
Ríkisskattstjóri kt. 540269-6029. Bankareikningur 0515-26-723000.
Afrít af kvittun þarf að fylgja.

Sjá skýringar á bakhlið

Slit og afskráning á einkahlutafélagi að frumkvæði hluthafa

Með ákvæði í 83. gr. a. sem var lögfest með lögum nr. 52/2003, um breytingu á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, var hluthöfum í skuldlausu einkahlutafélagi veitt heimild til að hafa frumkvæði að afskráningu einkahlutafélaga á einfaldan og öruggan hátt. Tilgangur með þessari lagabreytingu er að gera hluthöfum einkahlutafélaga, sem oft eru mjög lítil og geta jafnvel verið með einum hluthafa, kleift að slíta félaginu og afskrá með einföldum og ódýrum hætti án aðkomu skilanevndar og lýsingar krafna á hendur félaginu.

Lagagreinin hljóðar þannig:

"Í skuldlausu einkahlutafélagi geta hluthafar afhent hlutafélagaskrá skriflega yfirlýsingu um að allar gjaldfallnar og ógjaldfallnar skuldir félagsins hafi verið greiddar og félaginu slitið. Yfirlýsingin skal vera undirrituð með nafni, kennitölu og heimilisfangi allra hluthafa félagsins. Með yfirlýsingu skal fylgja vottorð frá toll- og skattfyrvöldum um að félagið skuldi ekki opinber gjöld.

Hlutafélagaskrá má einungis skrá slit félagsins ef yfirlýsing hluthafanna berst skránni innan tveggja vikna frá undirskrift yfirlýsingarinnar.

Hluthafar bera beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldum einkahlutafélagsins, hvort sem þær eru gjaldfallnar, ógjaldfallnar eða umdeildar, frá þeim tíma er yfirlýsingin um slit félagsins var gefin.

Úthluta skal til hluthafa þeim eignum einkahlutafélags sem eftir kunna að standa."

Heimild til að afskrá félög með þessum hætti er frávik frá hinni almennu reglu laganna um slit á einkahlutafélagi. Þau ákvæði eru sett til að tryggja sem best hag viðskiptavina félagsins og þeirra sem hugsanlega eiga kröfur á félagið. Þar að auki tryggja þau ákvæði að einhverju marki rétt opinberra aðila svo sem skattkerfisins til að fá upplýsingar frá félögum þessum sem varðar skattskylda starfsemi þeirra og annarra sem það hefur átt í skiptum við.

Reglur um afskráningu einkahlutafélaga samkvæmt 83. grein a, laga nr. 138/1994.

1. Til þess að ósk um afskráningu úr hlutafélagaskrá verði tekin til afgreiðslu skulu a. m. k. 12 mánuðir liðnir frá því að eiginlegum rekstri í nafni félagsins lauk. Með lokum á eiginlegum rekstri er átt við að félagið hafi ekki átt í neinum viðskiptum við aðila utan þess sem gera ber grein fyrir í bókhaldi þess að frátöldum hugsanlegum tekjum af arðberandi eignum og greiðslum á vöxtum af skuldum þess. Undanskilin er sala á rekstrareignum og aðrar ráðstafanir sem tengjast slitum félagsins.
2. Félagið sé skuldlaust samkvæmt loka efnahagsreikningi.
3. Félaginu hafi verið slitið samkvæmt ákvörðun hlutahafafundar og fyrir liggi yfirlýsing til hlutafélagaskrár um að hlutahafafundur hafi samþykkt að slíta félaginu og óska eftir afskráningu úr hlutafélagaskrá svo og yfirlýsing allra hluthafa um beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð þeirra á skuldum félagsins frá þeim tíma sem yfirlýsing um slit félagsins var gefin.
4. Fyrir liggi yfirlýsing skattstjóra um að félagið hafi fullnægt öllum skattalegum kröfum um skattskil og öðrum skyldum um upplýsingagjöf til skattfyrvalda. Samkvæmt 4. mgr. 116. gr. laga nr. 90/2003 má ekki slíta félagi fyrir en allir skattar þess hafi verið að fullu greiddir. Skattar teljast samkvæmt þessari grein ekki vera að fullu greiddir fyrir en álagning þeirra hafi farið fram og álagningin tilkynnt innheimtumanni og innheimt af honum.
5. Fyrir liggi yfirlýsing innheimtumanns um að félagið skuldi ekki opinber gjöld eða aðrar kröfur opinberra aðila í samræmi við yfirlýsingu skattstjóra.